



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

mar@mar.is
545 9700

Borgartúni 26
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðarbyggð

Reykjavík 12. desember 2022
Tilv.: MAR22090154/05.04.03

Efni: Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2022/2023

Samkvæmt reglugerð nr. 1018/2022, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2022/2023, hefur matvælaráðherra allt að 4.900 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 4. gr. reglugerðarinnar hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Úthlutun innan sveitarfélagsins verður eftirfarandi:


Byggðarlag	Hlutfall úthlutunar af heildarúthlutun til allra byggðarlaga	Breyting úthlutunar milli ára (í þorskígildistönnum)	Úthlutun fiskveiðiársins 2022/2023 (í þorskígildistönnum)	Úthlutun fiskveiðiársins 2021/2022 (í þorskígildistönnum)
Breiðdalsvík	2,2%	17	107	90
Mjóifjörður	0,3%	0	15	15
Stöðvarfjörður	2,0%	20	99	79
Fjarðabyggð samtals:	4,5%	37	221	184


Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2022/2023 liggur fyrir er sveitarfélögum því gefinn frestur til **13. janúar** n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur. Tillögur sveitarfélaga verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins til **23. janúar** og í framhaldinu verða sérreglur fyrir hlutaðeigandi byggðarlög teknar til efnislegrar meðferðar.

Í þeim tilvikum að ekki komi fram óskir um sérreglur innan framangreinds tímafrests mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar eins fljótt og auðið er. Einnig geta sveitarfélög sent ráðuneytinu staðfestingu á að ekki sé fyrirhugað að leggja fram tillögu að sérreglum og þá mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í viðkomandi byggðarlögum án tafar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarfélög þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælt er með að sveitarfélög noti vegna tillögu um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra og fylgir með í viðhengi.

f. h. matvælaráðherra


Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir


Jón Þrándur Stefánsson